13. gr.

Tengsl við aðra háskóla.

Heimilt er að taka hluta meistaranáms við aðra háskóla með samþykki viðkomandi skorar.

14. gr.

Lærdómstitlar.

Lærdómstitlar á meistarastigi sem veittir eru að afloknu námi eftir þessum reglum eru *candidatus psychologiae* (cand.psych.), *Magister artium* (M.A.), *Master of Library and Information Sciences* (MLIS), *Master of Public Administration* (MPA) og *Master of Social Work* (MSW).

15. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í félagsvísindadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 156/2003, um rannsóknarnám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla félagsvísindadeildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 25. febrúar 2004.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

Nr. 261 9. mars 2004

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 595, 8. ágúst 2003, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2003/2004.

1. gr.

Á 5. tl. 3. gr. verða eftirfarandi breytingar:

Í stað: „Innfjarðarrækja samtals 1.450“ komi: Innfjarðarrækja samtals 750.

Í stað: „Þ.a. Ísafjarðardjúp 700“ komi: Ísafjarðardjúp 0.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. mars 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.